

Íslenzk guðfræði.

(Consequent evolutionism.)

I.

Krafturinn, sem öllu hefur hrundið af stað og undir býr tilverunni, er í öllum stöðum einn og hinn sami. En við misjafnlega erfiðleika er að eiga, og þess vegna er hið mikla verk mjög misjafnlega komið áleiðis. Glögt má þó skilja hvert er takmarkið. Fullkomin samstilling allra orkutegunda og tilverumýnda, þanharmoni eða diasyntagma. Rafeindirnar (proton, elektron) tengjast í hverfi, sem menn kalla atom (eiginlega ódeili, af því að menn héldu að það væru frumagnirnar), atomin í enn samsettari heildir, molecule, samagnir. Hin samsettasta samögn er orðin svo margsamstilt heild, að hún getur, í félagi við aðrar slíkar, tekið við þeirri hleðslu, sem kallast líf. Hinar smæstu lifandi agnir, sem kalla mætti fyrstlinga, sameinast síðan og mynda einstaklinga svo margsamsetta, að frumutalan skiftir þar þúsundum miljóna. Maðurinn er slík vera. Og svo kemur það, sem menn hafa aldrei gert sér ljóst. Þessar samsettu verur leitast enn við að sameinast í nýja heild, og þegar sú sameining tekst, eða því fremur sem hún tekst, því meir koma fram nýir, stórkostlegir og óvæntir kraftar og hæfileikar. Takmarkið er fullkomin stjórn lífsins á hinu líflausa, eða fullkomin lyfting hins líflausa upp til lífsins, jafnframt því sem lífið nær alþroska á þeirri aflraun. Lífið á að vera svo sigursælt, að ekkert geti grandað og ekkert tafið, aldrei sé afturför en allt af framför.

II.

Hér á jörðu sjáum vér líf, sem er ennþá ekki komið á sigurbraut, líf, sem er í hinni mestu hættu, ef ekki fer að verða komist á þá braut. En sigurbrautin má segja að sé leiðin til guðs. En að komast til guðs er að verða sjálfur

guð. Á annan hátt getur það ekki orðið. Fyrir lífinu, er hófst hér á jörðu sem ósýnileg smáögn, liggur að verða guð almáttugur. Svo má nefna hina fullkomnu tilveru. Og þar er ekki neitt, sem sé öðru æðra eða óæðra, heldur er þar fullkominn jöfnuður. Hinn almáttugi guð er óendanlega margar verur, sem hver er alfullkomin vegna hins alfullkomna sambands við allar aðrar.

III.

Leiðin til guðs er löng. Ef vér nefnum þúsund miljónir ára, þá gefur það nokkra hugmynd um þann tíma, sem liðinn er síðan lífið hófst hér á jörðu. En þó er það einungis stutt árabíll, þegar miðað er við þann tíma, sem móðir vor sólin hefur til verið. Er það talið vera kringum 7 miljónir áramiljóna. Og að vísu er sólunni farið að fara aftur, hún er farin að gulna og kólna, og hefur þó ekki farið nema stutt skeið af ævi sinni ennþá, því að ævi sólnanna er talin um 200 miljónir áramiljóna. En sólin er aðeins smáeisti í sambandi því af miljónum miljóna sólna, sem vér nefnum vetrarbraut. Og jafnvel slíkt samband, sem æðir áfram í geimnum 700 rastir (km.) á sekúndu hverri, er aðeins sem smáögn í hinni miklu smíð heimsins. Í svo sem miljón ljósára fjarlægð frá oss, þ. e. svo langt, að ljósgeislinn, sem fer 300000 rastir á sekúndu, er miljón ár að komast það, — eru tvö önnur sólnasöfn slík sem vetrarbrautin, og það er ekki ólíklegt, að aldur slíkra safna — sem ég hef nefnt the cosmic molecule — verði að telja í triljónum ára eða kvaðriljónum. Slíkar tölur mun einnig verða að nefna, ef segja skal, hversu mörg eru af þessum óskiljanlega stórkostlegu sólnasöfnum í heimshverfi því, sem þau eru eindirnar í. Góð hjálp til að gera sér grein fyrir mikilleik heimsins er þetta: Á ljósmyndum, sem teknar eru með tilstyrk hinnar stærstu fjarsjár, sem gerð hefur verið, en spegillinn er þar 100 þumlungar (enskir) að þvermáli, — má greina örliðil stryk eða flata tvíkúpunga, réttara sagt. Vetrarbrautir eru það, stjörnusveipir (spiral nebulae), söfn af miljónum miljóna sólna. Ekkert auga hér á jörðu sér þessi sólnasöfn, jafnvel ekki þó að horft sé í hinar stórkostlegustu fjarsjár. En á nokkrum

klukkustundum geta þær markað sig á hina ljósnæmu plötu í myndavélinni. Og það má vita, að hin fjarstu af þessum sólna-söfnum eru í um 140 miljóna ljósára fjarlægð, eða m. ö. o., myndin sýnir þau eins og þau voru fyrir 140 miljónum ára. Og þó má gera ráð fyrir, að þetta, sem rannsóknatækin ná til ennþá, sé aðeins sem nágrenni, miðað við fjarlægð enn annara heimshverfa. Svo stórkostleg smíð er heimurinn.

IV.

Stjörnufræðingur einn lýkur mikilli bók um stjörnurnar á því að spyrja, hvað oss hér á jörðunni komi þetta eiginlega við, og svarar á þá leið, að það komi oss í rauninni ekkert við. En slíkt er hinn mesti misskilningur. Þegar vér verðum fyrir oss mikilleik heimsins, þá erum vér að reyna til að átta oss á framtíð sjálfra vor, gera oss grein fyrir verkefni lífsins, leiðinni til guðs. Fyrir oss liggur að eiga þátt í þessu öllu saman. Alt verðum vér að læra, sem slíkur heimur gefur til-efni til að læra, unz vér vitum alt og getum alt. Leiðin til guðs er löng. Og hér á jörðu verðum vér að taka hina réttu stefnu, og forðast leið hinnar vaxandi andstillingar, þar sem eins kvöl er annars gleði, og öll framkvæmd verður með því, að einhverjir eru kvaldir og eyðilagðir. En af slíkri nauðsyn eru sprotnar hugmyndirnar um að bjarga mannkyni, koma því af Helvegi og yfir á leiðina til guðs, opna því skilning á hinu furðulega heimsfélagi lífsins, sem vér hér á jörðu hingað til höfum aðeins átt óvitandi þátt í og ófullkominn.

14. 3. '28.

Helgi Pjeturss.